



Niðurstöður skýrsluhaldsársins hjá mjólkurframleiðendum 2017

Niðurstöður skýrsluhaldsársins í mjólkurframleiðslunni 2017 hafa verið reiknaðar og birtar á vef Ráðgjafarmiðstöðvar landbúnaðarins, www.rml.is. Hér verður farið yfir helstu tölur úr uppgjörinu.

Þeir framleiðendur sem skiluðu einhverjum, en þó mismiklum upplýsingum um afurðir kúa sinna á nýliðnu ári voru 581 en á árinu 2016 voru þeir 575. Niðurstöðurnar eru þær helstar að 26.352,1 árskýr skilaði 6.159 kg nyt að meðaltali. Það er afurðaaukning um 30 kg frá árinu 2016 en þá skiluðu 24.999,2 árskýr meðalnyt upp á 6.129 kg. Jafnframt eru þetta mestu meðalafurðir frá upphafi vega og annað árið í röð sem þær ná yfir 6.000 kg eftir árskú. Þessi afurðaaukning er mjög athyglisverð í ljósi þess að nú eru allir mjólkurframleiðendur í skýrsluhaldi og árskúm fjölgaði milli ára um nálægt 1.350 talsins, einkum vegna þess.

Mestar meðalafurðir 2017 voru í Skagafirði eða 6.537 kg eftir árskú. Meðalbústærð reiknaðist 45,4 árskýr á árinu 2017 en sambærileg tala var 43,5 árið á undan. Meðalbústærð reiknuð í skýrslufærðum kúm var nú 60,9 kýr en 2016 reiknuðust þær 59,5.

Ársuppgjör afurðaskýrslna nautgriparæktarinnar 2017

Uppgjörssvæði	Árskýr	Afurðir á árskú	Fita %	Prótein %	Heilsárs- kýr	Kýr á skýrslu	Í skýrsluhaldi í des. 2017	Skiluðu skýrslum í des. 2017	Skiluðu skýrslum 2017	Meðalbústærð (árs- kýr)	Meðalbústærð (skýrslu-f. fyrir kýr)
Kjalarnesþing	295,7	5.596	4,06	3,25	210	391	7	7	7	42,2	55,9
Borgarfjörður	2.249,5	5.876	4,13	3,29	1.388	3.033	49	49	49	45,9	61,9
Snæfellsnes	756,4	6.037	4,33	3,23	557	1000	21	21	21	36,0	47,6
Dalasysla	455,3	5.382	4,13	3,29	337	589	9	9	9	50,6	65,4
Vestfirðir	670,5	5.200	4,08	3,27	416	940	18	17	19	35,3	49,5
Húnavatnssýslur og Strandir	1.525,4	6.066	4,12	3,29	1057	2098	45	45	46	33,2	45,6
Skagafjörður	2.579,6	6.537	4,18	3,35	1.852	3.403	50	50	50	51,6	68,1
Eyjafjörður	4.679,9	6.452	4,18	3,36	3.271	6.270	83	83	85	55,1	73,8
Suður-Þingeyjarsýsla	1.527,9	6.129	4,19	3,38	1074	2.026	50	50	50	30,6	40,5
Austurland	1.007,0	6.412	4,14	3,33	686	1.332	22	22	24	42,0	55,5
Austur-Skaftafellssýsla	521,2	6.402	4,23	3,33	338	694	9	9	10	52,1	69,4
Vestur-Skaftafellssýsla	754,7	5.246	4,22	3,32	549	1036	26	26	27	28,0	38,4
Rangárvallasýsla	4.069,1	5.873	4,21	3,33	2.931	5.473	81	80	81	50,2	67,6
Árnessýsla	5.260,0	6.391	4,12	3,31	3.568	7.084	103	102	103	51,1	68,8
Samtals/meðaltal	26.352,1	6.159	4,17	3,33	18.234	35.369	573	570	581	45,4	60,9

Þátttaka í skýrsluhaldi 100%

Á árinu 2017 tók gildi sú breyting að afurðaskýrsluhald er nú skilyrði fyrir greiðslum samkvæmt samningi um starfskilyrði í nautgriparækt. Þetta þýðir að skýrsluhald er í raun og veru skylda fyrir alla framleiðendur mjólkur og nautakjöts, í það minnsta ætli menn að halda gripa- og beingreiðslum. Vegna þessa er þátttaka í skýrsluhaldi nú í fyrsta skipti í sögunni 100% og er höfundum þessarar greinar ekki kunnugt um það að hafi nokkurn tímann átt sér stað í nokkru öðru landi í heiminum. Þær tölur sem hér eru birtar eru því einsdæmi í þeim skilningi.

Mestar meðalafurðir voru í Skagafirði

Þegar litið er á niðurstöður eftir svæðum kemur í ljós að í Skagafirði eru meðalafurðir mestar, 6.537 kg eftir árskú, en skammt undan er Eyjafjörður með 6.452 kg á árskú. Þriðja sæti verma Austfirðingar en þar skilaði árskýrin að meðaltali 6.412 kg. Stærst voru búin í Eyjafirði, 55,1 árskýr en minnst í Vestur-Skaftafellssýslu 28,0 árskýr.

Afurðahæstu kúabúin eftir landshlutum

Uppgjörssvæði	Bú - árslok 2017	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
Kjalarnesþing	260111 Miðdalur	Guðmundur og Svanborg, Miðdal	29,2	6.844
Borgarfjörður	350513 Hvanneyri	Hvanneyrarbúið ehf.	73,1	8.180
Snæfellsnes	370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	28,7	8.124
Dalásýsla	380184 Lyngbrekka	Sigrún og Ármann Lyngbrekku 2	69,0	7.612
Vestfirðir	460128 Hvammur	Ólöf María Samúelsdóttir	45,1	7.348
Húnavatnssýslur og Strandir	560112 Brúsastaðir	Brúsi ehf.	49,2	8.937
Skagafjörður	570627 Flugumýri	Ingimar Jónsson	78,6	8.205
Bsb. Eyjafjarðar	650231 Hóll	Karl Ingi og Erla Hrönn	50,7	8.356
Bsb. Suður-Þingeyinga	660519 Stóru-Tjarnir	Stóru-Tjarnir ehf.	54,5	8.005
Austurland	750562 Egilsstaðir	Egilsstaðabúið ehf	73,7	7.907
Austur-Skaftafellssýsla	770116 Seljavellir	Seljavellir1 ehf.	67,0	7.159
Vestur-Skaftafellssýsla	850388 Fagurhlíð	Félagsbúið Fagurhlíð	31,6	7.463
Rangárvallasýsla	860103 Ytri-Skógar	Félagsbúið	25,3	8.179
Árnessýsla	870909 Skáldabúðir	Gunnbjörn ehf.	59,2	8.183

Meðalbúið aldrei stærra

Meðalbúið stækkaði milli ára enda jókst innlegg mjólkur milli ára og innleggjendum fækkaði heldur. Meðalinnlegg á bú með innlegg allt árið nam 262.961 lítrum samanbúið við 250.182 lítra á árinu 2016. Þetta er aukning upp á rúm 5%. Á sama tíma fækkaði innleggjendum mjólkur um sjö og voru kúabú í framleiðslu 573 talsins nú um áramótin 2017/18.

Mestar meðalafurðir á Brúsastöðum í Vatnsdal

Mest meðalnyt eftir árskú á nýliðnu ári, 2017, var á bú Brúsa ehf. á Brúsastöðum í Vatnsdal, 8.937 kg á árskú. Þó ekki sé um Íslandsmet að ræða að þessu sinni var nærri árgömlu meti sama bús hoggið en það er 8.990 kg. Búið á Brúsastöðum var einnig afurðahæsta búið árið áður auk þess sem það vermdi efsta sæti listans árin 2013 og 2014. Þessi árangur þeirra hjóna Gróu Margrétar Lárusdóttur og Sigurðar Eggerz Ólafssonar á Brúsastöðum undanfarin ár er stórglæsilegur og allrar athygli verður. Eins og nefnt var í fyrra í þessari sömu yfirferð hlutu þau m.a. Landbúnaðarverðlaunin 2015 og aftur má taka undir orð þáverandi landbúnaðarráðherra við afhendingu verðlaunanna um að búinu sé sinnt af miklum myndarskap, jafnt hvað umhirðu og góðan árangur varðar en jafnframt og ekki síður hvað ytra umhverfi og ásýnd viðkemur.



Mynd 1 Mestar meðalafurðir voru á Brúsastöðum í Vatnsdal. (Mynd: Bændablaðið)

Annað búið í röðinni árið 2017 var bú þeirra Karls Inga og Erlu Hrannar á Hóli í Svarfaðardal en þar var nytin 8.356 kg eftir árskú. Þriðja í röðinni við uppgjörið nú var bú Gautsstaða ehf. á Gautsstöðum á Svalbarðsströnd en þar var meðalnyt árskúnna 8.269 kg. Í fjórða sæti var bú Ingimars Jónssonar á Flugumýri í Blönduhlíð í Skagafirði þar sem meðalafurðir árskúnna voru 8.205 kg.

Bú þar sem meðalnyt var yfir 8.000 kg/árskú			
Bú - árslok 2017	Skýrsluhaldarar	Fjöldi árskúa	Afurðir kg/árskú
560112 Brúsastaðir	Brúsi ehf.	49,2	8.937
650231 Hóll	Karl Ingi og Erla Hrönn	50,7	8.356
660104 Gautsstaðir	Gautsstaðir ehf.	104,1	8.269
570627 Flugumýri	Ingimar Jónsson	78,6	8.205
870909 Skáldabúðir	Gunnbjörn ehf	59,2	8.183
350513 Hvanneyri	Hvanneyrabúið ehf.	73,1	8.180
860103 Ytri-Skógar	Félagsbúið	25,3	8.179
560153 Steinnýjarstaðir	Kristján S Kristjánsson	44,9	8.170
370179 Hraunháls	Guðlaug og Eyberg	28,7	8.124
570656 Kúskerpi	Kúskerpi	102,6	8.115
651110 Grænahlíð	Dalanaut ehf	64,8	8.047
870840 Reykjahlíð	Búkostir ehf.	74,5	8.023
570925 Garðakot	Jakob Smári Pálmason	69,9	8.019
650926 Moldhaugar	Pröstur Þorsteinsson, Moldhaugum	63,1	8.010
660519 Stóru-Tjarnir	Stóru-Tjarnir ehf	54,5	8.005

Fimmta búið var bú Gunnbjarnar ehf. á Skáldabúðum í Gnúpverjahreppi hinum forna eða Eystrihreppi eins og hann var áður nefndur og er jafnvel enn meðal staðkunnugra og þeirra er á svæðinu búa. Meðalnytin þar var 8.183 kg eftir árskú. Næsta bú, hið sjötta á listanum, var bú Hvanneyrabúsins ehf. á Hvanneyri í Andakíl í Borgarfirði með meðalafurðir upp á 8.180 kg eftir árskúna. Sjöunda og síðast þeirra sem náðu meðalafurðum yfir 8.170 kg/árskú var

félagsbú þeirra Ingimundar Vilhjálmssonar og Sigurður Sigurjónssonar í Ytri-Skógum undir Eyjafjöllum þar sem meðalnyt árskúnna reiknaðist 8.179 kg. Á 85 búum reiknaðist meðalnyt árskúna yfir 7.000 kg árið 2017, á 80 búum árið 2016 en 51 bú náði því marki árið 2015.

Kýr nr. 851 á Innri-Kleif í Breiðdal mjólkaði mest og setti nýtt Íslandsmet

Nythæsta kýrin á landinu árið 2017 var kýr nr. 851, undan Ými 0715 Skandalssyni 03034, en hún mjólkaði 14.199 kg með 3,64% fitu og 3,33% prótein og sló þar með ársgamalt Íslandsmet Nínu 676 á Brúsastöðum í Vatnsdal sem var 13.833 kg. Burðartími 851 féll mjög vel að almanaksárinu en hún bar sínum þriðja kálfi 2. janúar 2017. Því miður þurfti svo að fella þennan mikla afurðagrip núna í byrjun janúar og er þar skarð fyrir skildi. Það þarf ekki að fara í neinar grafgötur með að kýr nr. 851 var gríðarmikil mjólkurkýr og sýndi það strax á sínu fyrsta mjólkurskeiði er hún fór hæst í 37 kg dagsnyt. Á nýliðnu ári fór hún hæst í 57,0 kg dagsnyt og var enn í 28 kg nyt í desember s.l. Skráðar æviafurðir hennar voru 33.661 kg um síðustu áramót en sinn fyrsta kálf átti hún 26. janúar 2015, þá 26 mánaða að aldri.



Mynd 2 Kýr nr. 851 á Innri-Kleif í Breiðdal setti nýtt Íslandsmet. (Mynd: Bændablaðið)

Önnur í röðinni árið 2017 var Fura 1524 á Hvanneyri í Andakíl í Borgarfirði, undan Þvala 10008, en hún mjólkaði 13.146 kg með 3,54% fitu og 3,12% prótein. Þessi kýr bar sínum þriðja kálfi 22. janúar 2017 og fór hæst í 47,1 kg dagsnyt á árinu 2017. Skráðar æviafurðir hennar eru 30.306 kg. Þriðja nythæsta kýrin var

Skauta 659 á Böðmóðsstöðum 2 í Laugardal, undan Tópasi 03027, en nyt hennar á árinu var 13.132 kg með 4,13% fitu og 3,37% prótein. Hún bar sínum þriðja kálfi á aðfangadag jóla 2016, fór hæst í 57,6 kg dagsnyt og skráðar æviafurðir hennar eru 30.822 kg. Fjórða nythæsta kýrin var Súla 896 á Hallandi á Svalbarðsströnd, sonardóttir Karra 06007, en hún mjólkaði 13.062 kg með 3,87% fitu og 3,42% prótein. Hún bar sínum fjórða kálfi á Þorláksmessudag 2016, fór hæst í 43 kg dagsnyt á árinu og skráðar æviafurðir eru 42.805 kg. Fimmta í röðinni var Lotta 564 á Kúskerpi í Blönduhlíð í Skagafirði, dóttir Lykils 02003. Lotta bar sínum sjötta kálfi 30. október 2016 og fór hæst 44 kg dagsnyt á mjólkurskeiðinu en hún skilaði 13.022 kg á árinu með 3,24% fitu og 3,35% prótein. Skráðar æviafurðir Krónu eru 54.238 kg.

Alls skiluðu 77 kýr afurðum yfir 11.000 kg og þar af 27 yfir 12.000 kg. Árið 2016 náði 71 kýr nyt yfir 11.000 kg.

Nythæstu kýrnar 2017

Árslok 2017		Árs- afurðir	Prót- ein	Fita	Bú
Kýr	Faðir				
851	0715 Ýmir	14.199	3,33	3,64	761040 Innri-Kleif
1524 Fura	10008 Þvalí	13.146	3,12	3,54	350513 Hvanneyri
0659 Skauta	03027 Tópas	13.132	3,37	4,13	871275 Böðmóðsstaðir 2
0896 Súla	0780 Karrason	13.062	3,42	3,87	660105 Hallland
0564 Lotta	02003 Lykill	13.022	3,35	3,24	570656 Kúskerpi
0719 Dalía	05043 Birtíngur	12.942	3,39	4,06	570656 Kúskerpi
0624 Aþena	02039 Aðall	12.908	3,45	4,08	360592 Laxárholt 2
1665491-0816 Gefjun	10011 Strákur	12.838	3,22	3,65	870909 Skáldabúðir
0955 Sigga	0620 Boli	12.798	3,04	3,89	870931 Þrándarholt
0735 Stjörnurós	10089 Úlli	12.686	3,41	3,88	570656 Kúskerpi
0777 Sjöa	11051 Roði	12.682	3,47	3,54	570656 Kúskerpi
0783 Bumba	08049 Bambi	12.593	3,17	3,52	651122 Hríshóll
0575 Blesa	02003 Lykill	12.452	3,14	3,91	860827 Hjallanes 2
0644 Fríða	02048 Ás	12.421	3,18	3,54	570627 Flugumýri
0682 Pía	03014 Hegri	12.409	3,38	3,94	560112 Brúsastaðir
0277 Rósetta	0186 Glói	12.401	3,32	4,32	550120 Mýrar 3
0439 Örk	03014 Hegri	12.362	2,96	3,20	260121 Káranes
1539 Skuld	02039 Aðall	12.319	3,32	3,57	350513 Hvanneyri
0676 Nína	02016 Ófeigur	12.298	3,26	4,21	560112 Brúsastaðir
1019 Blær	03014 Hegri	12.192	3,29	4,09	871080 Auðsholt 1
1526461-1986	10001 Sírkus	12.156	3,36	3,30	651014 Hranastaðir
0769 Storma	1526561-0636 Smokkur	12.126	3,31	3,88	650514 Stærri-Árskógur
1461811-0087 Lýdía	10011 Strákur	12.103	3,28	5,18	570634 Minni-Akrar
0501 Ljóna	07022 Framherji	12.078	3,41	4,36	870402 Smjördalir
814	02003 Lykill	12.066	3,43	4,51	761040 Innri-Kleif
1524291-0560 Toppa	9999 Óþekktur Faðir	12.049	3,24	4,31	650940 Tréstaðir
1519121-0484 Pera	11068 Tandri	12.021	3,37	3,55	650238 Grund

Af þeim kúm sem enn eru á lífi í dag státar nú Vorkoma 534 í Garði í Eyjafirði af mestum æviafurðum eða 93.454 kg. Þessi kýr er fædd á Torfufelli í Eyjafirði 7. maí 2004, dóttir Prakkara 96007, en flutti aðsetur sitt að Garði strax að lokinni

mjólkurfóðrun eða við þriggja mánaða aldur. Hún er því á sínum 15. vetri en fyrsta kálfi bar hún 24. september 2006 og hún bar 10. sinni á nýársdag 2017. Mestum afurðum á einu almanaksári náði hún 2014 þegar hún mjólkaði 9.405 kg en afurðamesta mjólkurskeið hennar, í það minnsta hingað til, var það þriðja þegar hún mjólkaði 11.332 kg.

Skammt á eftir Vorkomu í æviafurðum er Braut 112 á Tjörn á Skaga, dóttir Stigs 97010. Braut er fædd 12. september 2005 og átti sinn fyrsta kálf 23. október 2007 en alls hefur hún borið 10 sinnum að meðtöldum tveimur fösturlátum. Þrátt fyrir þau áföll er Braut nú búin að mjólka 91.300 kg mjólkur en mestum afurðum á einu almanaksári náði hún 2011, 10.961 kg. Mestum afurðum á einu mjólkurskeiði, í það minnsta hingað til, náði hún á því fimmta, 14.630 kg. Endist þessum kúm aldur og heilsa til gætu þær rofið 100 þús. kg múrinn á komandi misserum en þær eru báðar með fangi og eiga að bera með vorinu. Rétt er að geta þess að mjög fáar íslenskar kýr hafa náð 100 þús. kg æviafurðum enda hlýtur það að teljast allmikið afrek í stofni þar sem meðalafurðir á ári eru ríflega 6.000 kg og afurðahæstu kýr mjólka 13-14 þús. kg. Núverandi Íslandsmet í æviafurðum á Mókolla 230, Snarfaradóttir 93018, á Kirkjulæk 2 í Fljótshlíð, 117.635 kg.

Á síðastliðnu ári var ein af þeim afrekskúm sem oft hefur prýtt lista afurðahæstu kúa landsins felld. Laufa 1089 í Flatey í Hornafirði var felld í desember s.l. og hafði þá mjólkað frá því í september 2005 er hún bar sínum fyrsta kálfi. Laufa var fædd 8. apríl 2004 í Einholti í Hornafirði, dóttir Fróða 96028, en flutti í Flatey 2008. Skráðar æviafurðir hennar eru 91.720 kg á 11 mjólkurskeiðum. Toppnum náði hún á 8. mjólkurskeiði er hún mjólkaði 13.534 kg en mestu afurðir á einu almanaksári voru 13.121 kg árið 2014 en það ár náði hún sinni mestu dagsnyt, 49 kg, og stóð afurðahæst allra kúa á landinu.

Mjólkurframleiðendum öllum, en ekki síst ábúendum á Brúsastöðum og Innri-Kleif, óskum við til hamingju með glæsilegan árangur og þökkum samstarfið á liðnu ári.